

Nýskipan í ríkisrekstri

Samningsstjórnun



Fjármálaráðuneytið

Inngangur

Inngangur

Á vegum fjármálaráðuneytisins hefur verið unnið að mótun heildstæðrar stefnu um þróun ríkisrekstrarins sem hefur verið gefið nafnið “Nýskipan í ríkisrekstri”. Kjarni þessarar stefnu er að dreifa valdi og skilja ábyrgð á rekstri frá pólitískri stefnumörkun. Stefnt er að því að auka ábyrgð og flytja ákvarðanir um rekstur sem næst vettvangi og tryggja þannig hagkvæma og góða þjónustu. Einkavæðing og útboðsstefna ríkisstjórnarinnar eru dæmi um aðgerðir á grundvelli þessarar stefnu.

Í bæklingi sem dreift var til ríkisstofnana í maí sl. voru kynntar umbætur og nýskipan í ríkisrekstri. Undanfari þess var, að settir voru á fót sjö vinnuhópar með þátttakendum víða að úr ríkiskerfinu sem fjölluðu um afmörkuð svið ríkisrekstrarins. Í álitum hópanna er lögð áhersla á möguleika stofnana til ákvarðana í eigin málum. Einnig gerðu hóparnir grein fyrir ýmsum hindrunum sem standa í vegi fyrir auknu sjálfræði stofnana og settu fram hugmyndir um mögulegar lausnir. Í bæklingnum var meðal annars kynnt breytt tilhögun á samskiptum ráðuneyta og stofnana sem nefnd hefur verið **samningsstjórnun**.

Á síðari árum hafa mörg vestræn ríki reynt samningsstjórnun. Framkvæmdin hefur verið mismunandi og mótast af staðháttum, aðstæðum og stjórnsýsluskipan. Nýjungin í samningsstjórnun felst einkum í tvennu: Annars vegar fær stofnun aukið sjálfræði til ákvarðana um tilhögun rekstrarins og með hvaða hætti hún nær tilskildum árangri. Hins vegar er gerður formlegur þjónustusamningur á milli stofnunar og ráðuneytis sem felur í sér hvaða árangri stofnunin skuldbindur sig til að ná og hvaða endurgjald ráðuneytið áformar að veita. Þetta má einnig orða svo að í samningnum sé kveðið á um hvaða “þjónustu” stofnunin skuldbindur sig til að “selja” og hvað stjórnvöld skuldbinda sig til að “kaupa”.

Hér á eftir eru grunnhugmyndir samningsstjórnunar skýrðar og framkvæmd hennar lýst. Stefnt er að því að gerð verði tilraun með samningsstjórnun innan tíðar. Mikilvægt er að vandað verði til reynsluverkefna á sviði samningsstjórnunar. Reynsla annarra þjóða sýnir að samningsstjórnun er vandmeðfarin en um leið skilvirk aðferð til að bæta ríkisreksturinn. Með vönduðum undirbúningi og góðu samstarfi fagráðuneyta og stofnana má tryggja farsælan árangur.

Það er von mín að þessi nýbreytni takist vel, leiði til hagkvæmari rekstrar ríkisins og betri þjónustu við borgarana.



Þjónustusamningar **1**
- stjórnþæki í ríkisrekstri

1. Þjónustusamningar - stjórnþæki í ríkisrekstri

Nýtt samskiptaform stofnana og ráðuneyta

Samningsstjórnun er skilgreind á eftirfarandi hátt: Samningsstjórnun er formlegur samningur milli ráðuneytis og stofnunar. Þar er annars vegar kveðið á um áherslur í starfsemi stofnunar og þann árangur sem hún skuldbindur sig til að ná og hins vegar um fjárveitingar og það sjálfræði sem hún hefur til að ná settum markmiðum. Segja má að samningurinn tilgreini magn og gæði þeirrar þjónustu sem ráðuneytið "kaupir" af stofnun og hversu mikið það "greiðir" fyrir hana. Samningurinn er því fyrst og fremst sameiginleg yfirlýsing ráðuneytis og stofnunar um viðskipti þessara aðila.

Samningsstjórnun - ein leið af mörgum

Samningsstjórnun er nýtt samskiptaform ráðuneyta og ríkisstofnana. Henni er ætlað að tryggja hagkvæma og góða þjónustu og þá sérstaklega í þeim tilvikum þegar aðrar leiðir, eins og einkavæðing eða útboð, eru ekki taldar henta. Grundvallaratriði er að skilgreina vel þá þjónustu sem stofnunin á að veita. Oft og tíðum veitir hún fjölpætta þjónustu og þarf þá að skilgreina hvern þjónustubátt sérstaklega og síðan kaupverð, magn og gæði. Einn af kostum samningsstjórnunar er hversu auðvelt er að laga hana að aðstæðum og taka tillit til sérþarfa.

Meginhugsunin með samningsstjórnun er að stofnanir takast á hendur tilteknar skuldbindingar, annars vegar gagnvart stjórnvöldum og hins vegar gagnvart neytendum. Á móti er þeim gefinn kostur á auknu sjálfræði í rekstri og starfsháttum. Í því felst m.a.:

* Minni afskipti stjórnsýslu af innvi málum.

* Aukið sjálfræði varðandi nýtingu fjármuna.

* Aukið sjálfræði í launa- og starfsmannamálum.

Skuldbindingarnar geta falist í:

* Framleiðni, t.d. með umbótum í rekstrarmálum.

* Hagkvæmni, t.d. með auknum tekjum eða lægri kostnaði.

* Gæðum, t.d. með betri þjónustu.

* Aukinni virkni, t.d. með þróun nýrrar þjónustu

Ábyrgð ráðherra breytist ekki

Ábyrgð ráðherra á starfsemi stofnunar breytist ekki t.d. gagnvart Alþingi og ríkisendurskoðun, sem mun hafa eftirlit með starfseminni á sama hátt og áður.

Sama á við um aðrar upplýsinga- og stjórnsýsluskyldur sem stofnun hefur lögum samkvæmt.

Ávinningur starfsmanna

Rýmra svigrúm stjórnanda stofnunar til ákvarðana eykur möguleika á betri starfsárangri. Það felst ekki síst í því að virkja starfsmenn betur. Hjá þeim er jafnan til staðar sérþekking og reynsla af viðfangsefnum stofnunarinnar sem með þessu móti nýtist vel í daglegum störfum, skipulagi og stefnumótun.

Samkeppni stofnana

Sveigjanleiki stofnana í rekstrarmálum getur stuðlað að aukinni samkeppni milli stofnana sem veita sambærilega þjónustu. Einnig getur meira svigrúm til athafna veitt stofnunum tækifæri til tilrauna- og þróunarstarfsemi.

Samningsstjórnun er þáttur í nýrri stefnu og nýskipan

Samningsstjórnun er einn þáttur í umbótum og nýskipan í ríkisrekstri. Þróun í átt til nýrra stjórnsýsluáðferða er þegar hafin. Hún endurspeglar m.a. í breytingu við undirbúning fjárlaga, flutningi launaafgreiðslu til stofnana og breyttu eftirliti með fjármálum þeirra. Grunntón þessarar stefnu er að þróa stjórnunar- og stjórnsýsluáðferðir sem bera eftirgreind megin-einkenni:



Frá:

Fjárlagagerð, þar sem fjárveiting ræðst af fjárveitingu síðasta árs.

Einhliða áherslu á útgjöld stofnana.

Nákvæmum reglum um innra starf og nýtingu aðfanga.

Miðstýringu í launa- og starfsmannamálum.

Nákvæmu rekstrareftirliti ráðuneytis.

Til:

Rammafjárveitinga og hlutlægs mats á fjárveitingum hvers einstaks árs eða til nokkurra ára.

Mats á stofnunum í ljósi markmiða og árangurs.

Meiri ábyrgðar og sveigjanlegri stjórnunar.

Sveigjanlegs launa- og starfsmannahalds.

Fjölbreytts rekstrarumhverfis þar sem aðhald kemur í auknum mæli frá þjónustuþegum og samkeppni.

Hefðbundin stjórnsýsla og einkamarkaðurinn

Meginskipan stjórnsýslunnar hér á landi mótaðist við aðstæður þar sem umsvif ríkisins voru mun takmarkaðri. Nú á dögum veitir ríkið almenningi ýmiskonar þjónustu í stað þess að fást eingöngu við stjórnsýslu í þröngum skilningi þess orðs. Færa má fyrir því ýmis rök að lög og reglur sem hin hefðbundna stjórnsýsla byggir á, henti þjónustustarfsemi að mörgu leyti illa. Einkum vantar sveigjanleika til að bregðast við breytingum og afgreiða tilvik sem ekki falla að formlegum stjórnsýslureglum. Einkenni markaðarins eru önnur. Reglur og athafnir ráðast af því sem er hagkvæmast hverju sinni. Markaðurinn býr yfir miklum sveigjanleika, á auðvelt með að bregðast við breytingum og laga sig að nýjum kröfum og þörfum.

Samningsstjórnun sameinar kosti hefðbundinnar stjórnsýslu og hins almenna markaðar:

** Aðferðin fellir samskiptin í fastan farveg.*

** Hún er sveigjanleg og unnt að laga hana að mismunandi aðstæðum.*

** Hún er hagkvæm, því samningur kemst ekki á nema að báðir aðilar sjái sér hag í því.*

Þjónustusamningur þarf að fela í sér:

** Skilgreiningu á gagnkvæmum skyldum samningsaðila, magni og gæðum þjónustunnar og endurgjaldi kaupanda.*

** Ákvæði um skipulag og leikreglur sem samningsaðilar vinna eftir.*

Notkun samninga hjá ríkinu

Samningar ríkisins um rekstur ná nú einkum til kaupa á aðföngum og til kjarasamninga. Einnig hefur ríkisvaldið gert samninga við sveitarfélög, fyrirtæki, sjálfseignarstofnanir og einstaklinga vegna rekstrarverkefna. Með samningsstjórnun er lagður grunnur að því að sams konar samskiptareglur komist á innan stjórnsýslunnar. Það sem er óvenjulegt, er að samningsaðilar skuli vera ráðuneyti annars vegar og stofnanir ríkisins hins vegar.



Verkefni til úrlausnar

Viðfangsefni samningsstjórnunar og annarra umbóta í ríkisrekstri er m.a. að ryðja úr vegi ýmis konar hindrunum sem

standa í vegi fyrir betri árangri. Hér á eftir eru tíundaðar helstu hugmyndir um hvernig megi yfirstíga þessar hindranir.

Frá:

Til:

Yfirstjórn ráðuneyta

Óskilgreindum markmiðum og árangurskröfum.

▶ Markmiðssetningar og kröfu um tilskilinn árangur.

Óþarfri smáatriðastýringu ráðuneytis.

▶ Breytts samskiptaforms ráðuneytis og stofnunar.

Skörun verkefna.

▶ Skýrari verkaskiptingar.

Ómarkvissum afskiptum og tíðum breytingum.

▶ Stefnumótunar til lengri tíma

Óþjálum reglum um bílamál.

▶ Bílamála sem lúta almennum rekstrarmarkmiðum.

Reglum um ferðabeidnir.

▶ Skilgreininga á verkefnum á sviði erlendra samskipta.

Áætlanagerð og fjárveitingar

Óvissu um fjárveitingar.

▶ Fjárveitinga til lengri tíma.

Óljósri heimild til endurnýjunar á tækjum og húsnæði.

▶ Rammafjárveitinga.

Bindingu í ráðstöfun fjárveitinga milli rekstrarliða.

▶ Almennra reglna um öflun og ráðstöfun sértekna.

Miðstýringu á gjaldtöku og öflun og ráðstöfun sértekna.

▶ Fjárveitinga sem byggja á hlutlægu mati á árangri og einingarkostnaði.

Starfsmanna- og launamál

Stjórn á fjölda stöðuheimilda.

▶ Starfsmannafjölda sem ræðst af verkefnum og fjárhag.

Vandkvæðum við að launa starfsmenn að verðleikum.

▶ Heimilda til launauppbóta.

Ónógum hreyfanleika í starfi.

▶ Farvegs fyrir tilfærslur milli starfa.

Ósveigjanlegum ákvæðum um kjarasamninga.

▶ Sveigjanlegri kjarasamninga.

▶ Ráðninga sem byggja á kröfu um árangur.

Stjórnun innri málefna

Ónógri skráningu upplýsinga um innra starf.

▶ Uppbygginga upplýsingakerfa.

Erfiðleikum á samanburði við aðrar stofnanir.

▶ Þróunar kennitalna og samanburður á einingarkostnaði.

Lögum og reglugerðum um innra skipulag stofnana.

▶ Afnáms reglna um innra skipulag.



Efni samninga 2

2. Efni samninga

Samningur er grundvallarskjal

Sá samningur sem ráðuneyti og stofnun gera sín á milli er grundvallarskjal í samningsstjórnun. Umfang slíks samnings getur verið mismikið. Í sumum tilfellum er aðeins samið um aukið forræði stofnunar á afmörkuðu sviði gegn vel skilgreindum árangri í tilteknum starfsþætti. Í öðrum tilfellum eru samningarnir umfangsmiklir og veita stofnunum sjálfræði á mörgum sviðum.

Ein af forsendunum fyrir góðum árangri er að í samningi sé hlutverk stofnunar skýrt og vel afmarkað og markmið hennar ljóst. Hér verður dregið á nokkra þætti sem munu koma upp þegar ráðuneyti og stofnun setjast að samningaborðinu.

Skýr framsetning markmiða

Til að tryggja farsæla framkvæmd þarf í samningi að taka fram á greinargóðan hátt þau markmið sem stofnun á að ná, þannig að í lok samningstímans sé hægt að mæla eða meta hvernig til hafi tekist. Svo það sé unnt, þyrfti í mörgum tilfellum að bæta innri skráningu í starfsemi stofnunar, jafnvel með því að koma upp sérstökum skráningar- og upplýsingakerfum. Mikilvægt er að bókhaldskerfi sé nýtt rækilega til að halda utan um kostnað við viðfangsefni og verkþætti stofnunar.

Stöðugleiki í fjármálum

Samningsstjórnun gerir ráð fyrir að hægt sé að tryggja fjárveitingar til lengri tíma, t.d. tvö til þrjú ár fram í tímann. Það táknar í raun að fjárveitingar verða skilgreindar í samningi og verða hvorki auknar né skertar.

Eignamál og viðhald

Ekki er gert ráð fyrir því að veittar verði undanþágur frá gildandi reglum um nýbyggingar og kaup og sölu fasteigna, en

ákvarðanir um húsaleigu, viðhald eigna og endurnýjun gætu flust til stofnana.

Bókhalds- og launakerfi

Stofnanir sem taka þátt í samningsstjórnun er skylt að færa bókhald sitt í bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins (BÁR) og launagreiðslur skulu fara fram í launakerfi ríkisins. Þetta er gert til að tryggja samræmi og auðvelða mat á framkvæmd samningsins.

Tilfærsla fjármuna

Gert er ráð fyrir að ráðstöfun fjárveitinga á milli viðfangsefna og rekstrarliða verði heimil og stofnunum falið ákvörðunarvald um ráðstöfun fjármuna. Ráðstöfun tekna þarf einnig að vera ákveðin í samningnum. Sama á við um óráðstafaðar fjárveitingar frá síðasta ári. Víðast háttar þannig til að eigin tekjur hrökkva skammt til að standa undir útgjaldaliðum þó undantekningar séu þar á. Sums staðar er þó völ á nýjum leiðum til tekjuöflunar sem taka þarf tillit til í samningsgerðinni.

Bílamál og ferðakostnaður

Á sama hátt má ætla að ákvarðanir um bílamál og aksturssamninga geti flust til stofnana sem og ákvarðanir um ferðir starfsmanna utan lands sem innan.

Starfsmannamál

Samningsstjórnun gerir ráð fyrir meiri sveigjanleika í starfsmannamálum innan marka kjarasamninga og launakerfis ríkisins. Launaauki getur átt við einstaka starfsmenn sem eru mikilvægir fyrir framgang þeirra markmiða sem sett eru. Sama á við ef greiða á álag í hvatningarskyni eða sem umbun fyrir vel unnin störf. Fyrirhugað er að ráðningar starfsmanna flytjist til stofnana og að ákvörðun um fjölda starfa sé tekin þar á grundvelli heildarfjármuna sem til ráðstöfunar eru.



Árangurskröfur

Í samningi eru gerðar kröfur um árangur í starfi, sem geta komið fram með ýmsu móti. Það helsta er eftirfarandi:

Eftirlit og mat á árangri

Áhersla verður lögð á að meta árangur í lok samningstímabilsins. Hefðbundið eftirlit einkennist af "fyrirframeftirliti" Þ.e. leitast er við að grípa inn í ákvörðunartöku áður en skuldbinding myndast og er þá ýmsum þáttum í starfsemi stofnunar miðstýrt. Þannig dregur úr raunverulegri ábyrgð stofnana á eigin málum. Dæmi um slíkt eftirlit er afgreiðsla aksturssamninga, samþykkt ferðabeiðna, veiting stöðuheimilda o.s.frv. Í stað "fyrirframeftirlits" með einstökum rekstrarþáttum komi viðvarandi eftirlit sem felst í söfnun upplýsinga er nýtast við árangursmat.

Staða stofnunar við upphaf samnings

Við upphaf samnings verður að meta stöðu stofnunar og lýsa skipulagi hennar og verkefnum. Meginreglan er að árangur er metinn með reglulegu millibili sem er tilgreint í samningnum t.d. í lok hvers rekstrartímabils. Matið sjálft er framkvæmt sameiginlega af samningsaðilum en þó kann í vissum tilfellum að vera nauðsynlegt að fá óháðan aðila til verksins. Ástæða getur verið til að setja inn ákvæði um endurskoðun á tilteknum þáttum samningsins á samningstímanum. Tilgreina þarf þá með hvaða hætti slík endurskoðun skuli eiga sé stað.

Matsaðferðir

Í þjónustusamningi skal kveðið á um tilteknar matsaðferðir og mælikvarða sem notaðir verða til að meta árangur tilraunarinnar. Þessir mælikvarðar geta verið mismunandi eftir aðstæðum og árangurskröfum. Skýr ábyrgð stjórnenda, sameiginlegur skilningur á lykilþáttum og gagnkvæmt traust eru mikilvægar forsendur þess að unnt sé að viðhafa skipulegt mat á árangri. Því er mikilvægt að samstaða náist í upphafi um mælieiningar og matsaðferðir.

Aukin framleiðni

Aukin framleiðni þýðir að magn afurða er aukið þó að fjárveiting og gæði séu óbreytt. Til dæmis má auka afköst með markvissri beitingu upplýsingatækni, svo sem að fjölga afgreiðslum. Með góðu skipulagi og endurskoðun verklags má oft fella niður óþarfa verkþætti, einfalda vinnuferli, skerpa verkaskiptingu o.s.frv.

Óbreytt framleiðsla - lægri fjárveiting

Stofnanir geta aukið hagkvæmni í rekstri með því að auka tekjur sínar eða minnka útgjöld. Sé ætlunin að afla meiri tekna er mikilvægt að tekjuáætlun taki mið af stöðu stofnunar og eðli þeirrar þjónustu sem hún veitir. Ekki er hægt að tala um aukna hagkvæmni ef stofnun sem veitir mikilvæga félagslega þjónustu hefur aðstöðu til að velta auknum kostnaði yfir á notendur þjónustunnar. Tekjur sem byggja á betri nýtingu á aðstöðu og fjárfestingu, sérþekkingu stofnunar og gjaldtöku fyrir ýmis konar aukaðþjónustu, er ótvírætt merki um aukna hagkvæmni. Ýmsar leiðir eru færar til að draga úr rekstrarkostnaði, t.d. með gagnrýnum innkaupum og útboðum á vöru og þjónustu.

Aukin gæði - áhrif notenda

Aukin gæði geta falist í þáttum eins og skemmri afgreiðslutíma, styttri biðlistum, færri framleiðslugöllum og mistökum í afgreiðslu, bættri upplýsingagjöf, hlýrra viðmóti og þjónustulund. Gæðaaukning getur einnig komið fram í sérhæfðum þáttum eins og betri batalíkum eftir aðgerð, hærri hlutfalli nemenda sem ná prófi, góðum árangri rannsóknarverkefna o.s.frv. Hægt er að setja upp sérstök gæðakerfi til að stýra gæðum og fækka mistökum. Stofnanir geta sótt um vottun samkvæmt ISO-9000 staðli sem tryggingu fyrir því að starfsemin uppfylli ákveðin gæðamörk. Æskilegt er, þar sem því verður við komið, að leita eftir mati þeirra sem nota þjónustu stofnunar svo og annarra hagsmunaaðila.



Framkvæmd 3

3. Framkvæmd

Lagarammi og skipulag

Undanþágur frá reglum

Gert er ráð fyrir að fyrstu samningar um samningsstjórnun verði gerðir á þessu ári. Það sjálfræði sem samningarnir munu kveða á um, getur falið í sér undanþágur frá ákvæðum laga, reglugerða og verklagsreglna og getur því þurft að leita undanþáguheimilda eftir því sem við á.

Aðilar að framkvæmd

Fjármálaráðuneytið hefur frumkvæði í að koma á samningsstjórnun og fylgist með framkvæmd hvers samnings. Hag-sýsla ríkisins mun vera samningsaðilum til ráðuneytis. Eins og áður segir annast stofnun og viðkomandi fagráðuneyti samningsgerðina og eru hinir raunverulegu framkvæmdaðilar samningsins. Fjárhagshlið samningsins þarf þó að hljóta samþykki fjármálaráðuneytisins sem er jafnframt formlegur ábyrgðaraðili fyrir útgjöldum ríkissjóðs. Efni samnings þarf að kynna fjárlaganefnd Alþingis.

Val þátttakenda

Möguleikar stofnana til þátttöku

Eins og að framan segir, hentar samningsstjórnun best stofnunum þar sem árangur er mælanlegur og auðvelt er að koma við framleiðslu- eða þjónustu-áætlunum. Samningsstjórnun hæfir síður stofnunum með fjölþætt og flókin hlutverk og mjög sérhæfða þjónustu. Stofnanir sem gegna einu eða fáum meginhlutverkum henta þess vegna almennt betur til að byrja með.

Val á stofnunum til þátttöku

Fjármálaráðuneytið mun beina því til fagráðuneyta að leita eftir stofnunum sem áhuga hafa á að taka þátt í tilraun með samningsstjórnun og að þau hafi frumkvæði að því að samningaviðræður hefjist. Við val á stofnunum til samningagerðar verður m.a. lögð áhersla á eftirtalin atriði:

- * *Að stofnun, starfsmenn og ráðuneyti hafi áhuga á verkefninu og vilja og getu til að framkvæma það.*
- * *Að stofnun hafi mótaðar hugmyndir um hvernig hún byggst nýta aukið sjálfræði og leita nýrra leiða í starfseminni.*
- * *Að möguleiki á auknum árangri sé fyrir bendi.*
- * *Að stofnunin búi við stöðugleika og ekki séu ráðgerðar verulegar breytingar á stöðu hennar, blutverki og verkefnum.*

Tilboð stofnana

Gert er ráð fyrir því, að í upphafi leggi stofnanir fram hugmyndir sínar um þann árangur sem þær skuldbinda sig til að ná og hvaða sjálfræðis þær óska í staðinn og veiti upplýsingar um rekstur og helstu viðfangsefni. Æskilegt er að það séu stofnanirnar sjálfar sem hafi frumkvæði að mótun samningsins. Þær verða þannig að gera grein fyrir helstu hindrunum í vegi aukins árangurs, skilgreina óskir um sjálfstæði, finna raunhæfa mælikvarða og hvaða markmiðum um bættan árangur þær telja sig geta náð.

Samningsgerð, umsjón og mat

Staða stofnunar við upphaf samnings

Að loknu vali á hugsanlegum þátttakendum hefjast viðræður milli stofnana og fagráðuneytis. Búast má við að í ein-



hverjum tilvikum náist ekki samningar vegna ágreinings um árangursmarkmið og endurgjald. Þar verður m.a. lagt mat á eftirtalda þætti til að unnt sé að greina stöðu stofnunar við upphaf samnings:

- * *Núverandi staða og framtíðarborfur.*
- * *Hlutverk og markmið stofnunar.*
- * *Verklagsreglur og stjórnskipulag.*
- * *Aðbúnaður.*
- * *Takmarkanir sem stofnunin býr við.*

Innihald samnings

Samningsgerðin byggir á niðurstöðum úr slíku mati. Samningurinn sjálfur kveður m.a. á um eftirtalda þætti:

- * *Markmið og árangur sem stofnunin setur sér að ná.*
- * *Aukið sjálfræði stofnunar.*
- * *Undanþágur frá reglum sem hamla gegn auknum árangri.*
- * *Fjárframlög ríkissjóðs.*

Gildistími

Stefnt er að því að nokkrum samningum verði lokið á árinu 1994 og taki gildi eins fljótt og kostur er. Áætlað er að tilraun með samningsstjórnun standi í eitt til þrjú ár. Að þeim tíma liðnum verði lagt mat á árangurinn og ákvarðanir teknar um framtíðina.

Mikilvægt að starfsfólk fái upplýsingar

Eitt af grundvallaratriðum í árangursríkri stjórnun er að starfsfólk þekki til

hlítar markmið stofnunar og sé þannig virkt í framgangi starfseminnar. Því er mikilvægt að ákvæði samningsins séu kynnt fyrir öllum þeim er að honum vinna, þ.e. starfsfólki stofnana og ráðuneytis, og heimilt sé að birta samningana opinberlega.

Umsjónarnefnd

Gert er ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að hafa umsjón með framkvæmd hvers einstaks samnings og meta árangur hans. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með að ákvæðum samningsins sé fylgt og fylgjast með framgangi hans. Umsjónarnefndin á jafnframt að vera samráðsvettvangur þessara aðila þar sem fjallað er um álitamál og fundin á þeim viðunandi lausn. Þá meti nefndin hvort tilætluðum árangri er náð og skili skýrslu um framkvæmdina í lok samningstímans.

Mikilvæg tilraun

Tilraun með samningsstjórnun er mikilvægt verkefni sem allir hlutaðeigandi aðilar verða að taka þátt í af kostgæfni, til þess að tilraunin leiði raunverulega í ljós hvort þetta samskiptaform ráðuneyta og stofnana hentar íslenskri stjórnsýslu. Tilraun þessi er nýmæli. Ef hún tekst vel má búast við að efnt verði til fleiri tilraunaverkefna í ríkisrekstrinum á öðrum sviðum.

